

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarstjórn samþykki að hefja skógrækt frá Reykjavík að Hengli**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að hefja skógrækt til kolefnisjöfnunar allt frá græna treflinum við Rauðavatn (skógræktaráætlun höfuðborgarsvæðisins) að Hengli. Hér á landi eru þegar til trjátegundir sem myndu þrífast vel þarna. Svæðið er í lögsögu nokkurra sveitarfélaga. Lagt er til að meirihlutinn nýti sér aðgang sem hann hefur að nágrannasveitarfélögunum til að koma málinu áfram. Hér yrði um ódýra stórfamkvæmd að ræða en ávinningur mikill. Nýta mætti óseljanlega moltu sem verður til í SORPU sem áburð við útplöntun. Með þessu verkefni yrðu nokkrar flugur slegnar í einu höggi. Mikið kolefni yrði bundið og SORPA losnar við óseljanlega moltu. Reykjavík myndi jafna kolefnisútblástur sinn og dregið yrði úr þeirri svifryksmengun í Reykjavík sem á uppruna sinn á Suðurlandi. Stórskógur yrði til sem gefur möguleika á nýtingu í atvinnuskyni í framtíðinni.

### **Greinargerð**

Minnst er á skógrækt í loftlagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og þessi tillaga fellur að þeim markmiðum.

Tré draga kolefni úr lofti og binda það í trjáviði. Að auki binst aukið kolefni í jarðvegi þegar skógur myndast. Hægt verður að fá það vottað að þessi aðgerð sé kolefnisjafnandi. Mjög líklega yrði með þessu bundið mun meira kolefni en á t.d. að gera með Carbfix aðferðinni.

Svæðið sem hér um ræðir er talið vera rýrt og því er líklegt að auka þurfi framboð á plöntunæringarefnum en það er alveg ljóst að hér á landi eru þegar til trjátegundir sem myndu þrífast vel þarna.

Verkefnið nær ekki aðeins yfir það land sem tilheyrir Reykjavík heldur einnig yfir nágrannasveitarfélög svo og Ölfus. En það ætti ekki að vera vandamál þar sem meirihlutinn í Reykjavík hefur þegar greiðan aðgang að nágrönnum í gegnum samráðsferla í Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu. Um þetta þarf ekki að stofna byggðasamlag heldur aðeins ná samkomulagi um stefnu og aðgerðir.

Til að auka framboð plöntunæringarefna mætti dreifa moltu frá SORPU samhliða útplöntun en sú molta er ekki söluvara en mætti nota við þessar aðstæður. Meirihlutinn hefur einnig greiðan aðgang að stjórnun SORPU og gæti talað fyrir málinu þar.

Allt þetta svæði er að mestu tiltækt fyrir skógrækt. Um 12 þúsund hektarar af þessu svæði eru að vísu beitarhólf tómsundabænda höfuðborgarsvæðisins. Það beitarhólf má færa til með nýjum girðingum og enda að lokum þar sem kindur borgarbúa bíta í lundum nýrra skóga.

Með þessu verkefni yrðu nokkrar flugur slegnar í einu höggi. Mikið kolefni yrði bundið og SORPA losnar við óseljanlega moltu. Stórskógur yrði til sem gefur möguleika á nýtingu í atvinnuskyni í framtíðinni og Reykjavík myndi jafna kolefnisútblástur sinn.

Fram hefur komið að svifryk frá Suðurlandi veldur svifryksmengun í Reykjavík. Stórskógur austur af Reykjavík myndi draga úr því.